

Ferðalagið - Dyrðalagið

Á fljúgandi ferð um bæinn minn,

á fljúgandi ferð um bæinn minn.

Læri að meta dyrðir sem geta,

Dálítið strik sett í lífsleikinn.

Tólf sæta vagninn er líkaminn,

Tólf sæta vagninn er líkaminn.

Fullur af dyrðum, já alls konar dyrðum

Kraftinn frá þeim ég stöðugt finn.

Ég er strætóbílstjórinn, ég er strætóbílstjórinn

Ég er stræfóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Jibbirí júlíó.

Áreiðanleiki, þolinmæði,

samkennd og ábyrgð, hugrekki.

Hjálsemi og glaðværð, sjö saman sitja.

Vá! Hvað er gaman á aftasta bekk.

Ég er strætóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Jibbirí, júlíó

Kurteisi, virðing vingjarnleiki,

Sköpunargleði, hófsemi.

Ferðin að hefjast og allar þær krefjast,

að við syngjum öll þetta ferðalag.

Ég er strætóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Ég er strætóbílstjórinn,

Jibbirí, júllíó

Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt,

krakkar léku saman,

þar var löngum hlegið hátt,

hent að mörgu gaman.

Úti! um stéttar urðu þar

einatt skrítnar sögur,

þegar saman safnast var

sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá

oft á milli bæja

til að kankast eitthvað á

eða til að hlæja.

Margt eitt kvöld og margan dag

máttum við í næði

æfa saman eitthvert lag

eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnst á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Lítill Heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr.
Þar sem gerast sögur og ævintýr.
Svona er veröldin okkar sem laðar og lokkar
Svo ljúf og hýr.
Lítill heimur, ljúfur hýr.
Lítill heimur, ljúfur hýr.
Lítill heimur, ljúfur hýr.
Eins og ævintýr.

Lóníetturnar

Ég lóníetturnar lét á nefið
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
því lifað gæti ég ei án þín.
La la la la la la, ljúfa
La la la la la la, ljúfa.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
því lifað gæti ég ei án þín.

Palli var einn í heiminum

Ég þekki lítinn labbakút,
sem langaði til að stelast út.

Á litlu tánum læddist einn,
en langaði ekki að vekja neinn.

Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Út á götu æddi hann,
og ekki nokkurn þar hann fann.

Suður í búð hann síðan gekk
og súkkulaðimola fékk.

Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Ha, ha, ha, trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Við erum góð

Við erum góð, góð hvort við annað.

Stríðum ekki eða meiðum neinn.

“Þegar við grátum, huggar okkur einhver
þerrar tár og klappar okkar kinn. “

Við erum vinir

Við erum vinir, við erum vinir,

Ég og þú, ég og þú.

Leikum okkur saman, leikum okkur saman.

Ég og þú, ég og þú.

Kæri vinur

Kæri vinur, kæri vinur

Kætumst saman hér.

Vertu hérna hjá mér

Ekki fara frá mér

Kæri vinur, kæri vinur

Kætumst saman hér

Það búa litlir dverggar

Það búa litlir dverggar

í björtum dal

á bak við fjöllin háu

í skógarsal.

Byggðu hlýja bæinn sinn,

brósir þangað sólin inn.

Fellin enduróma

allt þeirra tal.